

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími 95-6599


Fnjóská 1987

Tumi Tómasson

Eintak bókasafns.

Norðurlandsdeild.

VMST-N/88004



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRA HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST-N/88004
Hólum, janúar 1988

FNJÓSKÁ 1987

INNGANGUR

Að beiðni Veiðifélags Fnjóskár voru seiðastofnar árinna kannaðir 7 ágúst 1987. Áin var skoðuð frá ósi og fram í dali, og alls var rafveitt á 12 stöðum. Lúther Gunnlaugsson í Veisuseli var til leiðsagnar og aðstoðar allan daginn. Hann hefur verið veiðivörður um árabil og gjörþekkir ána. Starfsmenn Veiðimálastofnunar höfum áður athugað Fnjóská 1975 (Jón Kristjánsson, 1976) og 1976 (Tumi Tómasson 1976)

Í skýrslum þeirra kemur fram það álit að í Fnjóská sé laxinn á vistfræðilegum mörkum sínum. Áin er almennt frekar snauð og köld og lax eigi því frekar erfitt uppdráttar í henni.

Á undanförnum árum hafa Ari Teitsson og Lúther Gunnlaugsson fylgst með seiðastofnum árinna og virst að lax hafi almennt verið á undanhaldi í ánni hin síðari ár. (Ari Teitsson, persónulegar upplýsingar.)

LÝSING Á ÁNNI

Fnjóská er dæmigerð dragá, og sveiflur í rennsli eru miklar. Neðarlega í ánni er töluverður foss, og við hann fiskvegur, en ekki eru aðrar hindranir fyrir göngufisk fyrr en komið er lengst fram í dali.

Botngerð er víðast gróf mól eða smágrýtt. Botninn er almennt mosavaxinn á misbreiðu belti við landið, en utar í ánni er straumstrengur, botninn sorfinn og snauður.

Hlíðar Fnjóskadals og dalanna upp af Fnjóskadal eru víðast háar og brattar. Vatn hliðaráa og lækja er því kallt af snjóbráð langt fram eftir sumri. Árferði og tíðafar hafa mikil áhrif á umhverfispætti í ánni.

LAXVEIÐI OG RÆKTUNARSTARF Í FNJÓSKÁ

Samkvæmt upplýsingum Lúthers var fossinn í Fnjóská ófiskgengur fram til 1932. Fyrir þann tíma var veitt neðst í ánni, mest bleikja en einnig einstaka "fiskur" sem svo var kallaður og var að líkindum lax.

Áin var leigð Breta nokkrum, Fortesque að nafni, frá 1932-1948, gegn því að hann léti sprengja fossinn og sleppa í ána bleikjuseiðum. Fossinn var sprengdur og sleppt var seiðum sem fengin voru frá Laxamýri, og var þar sennilega um að ræða bæði bleikju- og laxaseiði.

Árið 1937 varð fyrst vart við lax í ánni ofan fossa. Árið 1949 tóku landeigendur að veiða í ánni sjálfir, og nú ráðstafar veiðifélagið veiðinni á hverju ári, hin síðari ár með samningum við samtök sportveiðimanna á Akureyri.

Seiðasleppingar hafa verið stundaðar um langt árabil í Fnjóská. Samkvæmt upplýsingum sem til eru á Veiðimálastofnun virðist megináhersla hafa verið lögð á sleppingu sumaralinna seiða framanaf. Hin síðari ár hafa seiðasleppingar verið gloppóttar en aukin áhersla lögð á sleppingu gönguseiða. Smáseiðum var síðast sleppt í Fnjóská sumarið 1984, og svo aftur s.l. sumar.

Aldursgreining hreistursýna af löxum í Fnjóská (1983-1987) sýnir að einungis eitt sýni af 141 var af laxi sem sleppt hafði verið sem gönguseiði í ánni. Flest voru af löxum sem höfðu dvalið 4 eða 5 ár sem seiði í ánni. Tólf laxanna höfðu dvalið þrjú ár í ánni, og er líklegt að sumir þeirra séu upprunnir úr smáseiðasleppingum. Ljóst er að vöxtur seiða í ánni hefur verið hægur, og að á þessum árum var laxgengd í Fnjóská að uppistöðunni til vegna náttúrulegrar framleiðslu árinna sjálfrrar.

Laxarnir sem ganga í Fnjóská hafa ýmist dvalið eitt ár í sjó og eru 3-7 pund þegar þeir snúa aftur (smálax) eða hafa dvalið tvö ár í sjó og eru þá 7-20 pund þegar þeir veiðast í ánni (stórlax). Í Töflu 2 er sýnd laxveiðin í Fnjóská á 13 ára tímabili (að árinu 1916 undanskildu) og skipting hennar í smálaxa og stórlaxa.

Frá 1974 til 1979 voru litlar sveiflur og frekar stígandi í veiðinni. Árin 1980, 1982, 1984 og 1986 voru smálaxagöngur mjög litlar, sem má að hluta til rekja til óhagstæðs tíðafars sumarsins á undan. Áhrifin komu fram í lítilli stórlaxagengd ári seinna. Þannig er fylgni á milli smálaxagengdar eitt árið og stórlaxagengdar ári seinna (Mynd 1).

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Alls var rafveitt á tólf stöðum í ánni, frá Timburvallabrú og niður að Skarði (Mynd 2). Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 3 og á Myndum 3 og 4. Bleikjuseiði eru langútbreiddust og þéttleiki þeirra og vöxtur mestur. Mest ber á vorgömlum (0+) seiðum, og seiðum sem klöktust út vorið 1986 (1+). Seiðin virðast aðallega ganga niður eftir tvo til þrjá vetur í ánni. Bleikjuseiðin er helst að finna á straumlitlum og skjólgóðum svæðum í ánni.

Þéttleiki laxaseiða er lítill og vöxtur hægur. Fyrir framan veiðistað 9 (Veisusel) fannst einsaka seiði, nema þar sem sleppt hafði verið fyrr um sumarið. Í ánni fundust engin náttúruleg 0+ og 1+ seiði. Árið 1987 var sleppt smáseiðum og þeim dreift á þrjú svæði. Sleppingin hafði heppnast mjög vel við Veisusel (staður 9) og fyrir framan Illugastaði. Þar var hóflegt magn seiða og seiðin væn.

Fyrir neðan Steinkirkju (staður 5) hafði seiðunum ekki verið dreift. Þar var þéttleikinn alltof mikill, seiðin horuð og að meðaltali 0,5 sm styttri en á hinum stöðunum. Líklega áttu enn eftir að verða mikil afföll á laxaseiðunum á stöð 5.

Urriðaseiði finnst víða í ánni, en hvergi í miklu magni. Vöxtur þeirra virðist svipaður vexti laxaseiða, og mun lakari en vöxtur bleikjuseiða.

ÁLYKTANIR

Viðkoma lax í Fnjóská er ótrygg, tvo árganga vantar alveg, og þéttleiki seiða annarra árganga er lágur. Ekkert bendir til að orsaka þeirra sé að leita í of mikilli veiði. Hrygningarskilyrði eru hvergi takmarkandi, og ofveiði myndi lýsa sér í ójafnari dreifingu seiða af sama árgangi innan árinna.

Laxaseiðin gera mestar kröfur til umhverfisins í ánni fyrst eftir klak, og síðan aftur þegar þau fara í göngubúning sumarið sem þau ganga til sjávar. Í Fnjóská þar sem laxinn er á vistfræðilegum mörkum sínum lýsir þetta sér í mismunandi afkomu seiðaárganga (sbr. Töflu 3) og miklum sveiflum í framleiðslu gönguseiða og þar af leiðandi laxgengd (Tafla 2).

Þegar lax á erfitt uppdráttar í ánni er til bóta að sleppa 5-6 sm seiðum fyrripart sumars á svæði þar sem skilyrði til uppeldis eru góð (grófur og gróinn botn). Til að slíkar sleppingar skili sem bestum árangri verður að dreifa seiðunum vel (einu seiði á hvern lengdarmeter í ánni), á staði þar sem laxaseiði af þessari stærð eru ekki fyrir. Gönguseiða-sleppingar hafa ekki skilað árangri í Fnjóská, og ég tel ekki ástæðu til að reyna þær frekar í bráð.

Bleikjustofn Fnjóskár virðist vel á sig kominn og ekki ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana til að bæta hann.

HEIMILDIR

Jón Kristjánsson, 1976. Rannsóknir í Eyjafjarðará og Fnjóská 1975. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 6 bls.

Tumi Tómasson, 1976. Athugun á Fnjóská 26-27/7 1976. Skýrsla Veiðimálastofnunar 3 bls.

Tafla 1. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna af löxum úr Fnjóská 1983-1987

Ár í ferskvatni	Ár í sjó									
	1983		1984		1985		1986		1987	
	1	2	1	2	1	2	1	2	1	2
gs	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-
3	2	1	-	5	2	-	-	2	-	-
4	9	7	2	15	13	4	-	12	-	2
5	7	3	1	7	20	3	-	15	4	1
6	-	-	-	-	-	-	-	2	-	1
Samtals	18	11	3	27	35	7	0	32	4	4

Tafla 2. Laxveiðin í Fnjóská 1974- 1986 skipt eftir sjávaraldri laxanna.


Ár	smálax	stórlax	fjöldi
1986	22	122	144
1985	105	15	120
1984	8	99	107
1983	60	38	98
1982	31	292	323
1981	200	57	257
1980	20	507	527
1979	192	254	446
1978	161	393	554
1977	130	143	273
1975	110	156	268
1974	135	251	386

Tafla 3. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m, eftir tegundum og aldri á mismunandi stöðum (Mynd 2) í Fnjóská 7. ágúst 1987.


Stöð veiði staður	Stærð veiði svæðis	Lax				
		0+	1+	2+	3+	4+
1	35x8m	-	-	-	-	-
2	20x10	-	-	-	-	-
3	20x10	15,0	-	-	0,5	-
4	20x10	-	-	0,5	-	-
5	20x10	35,0	-	-	-	-
6	40x6	-	-	0,4	-	-
7	20x10	-	-	-	0,5	-
8	40x6	-	-	0,4	-	-
9	20x5	9,0	-	3,0	0,3	-
10	35x15	-	-	1,1	0,2	1,1
11	35x12	-	-	0,2	0,2	-
12	50x5	-	-	1,6	-	-

Tafla 3. Frh.

Stöð veiði staður	Bleikja			Urriði			
	0+	1+	2+	0+	1+	2+	3+
1	0,7	1,4	-	0,7	2,1	0,7	-
2	1,5	2,0	0,5	-	-	-	-
3	-	1,5	1,0	-	-	-	0,5
4	1,0	2,5	1,0	-	-	-	-
5	2,0	3,0	0,5	-	-	0,5	-
6	2,5	1,7	-	-	-	-	-
7	6,5	5,5	0,5	-	0,5	3,5	-
8	2,1	2,9	-	-	-	0,4	-
9	2,3	3,7	-	-	-	1,3	-
10	0,6	2,3	-	-	-	0,4	-
11	0,2	6,7	0,5	-	-	0,2	-
12	0,8	2,0	-	-	-	0,8	-



Mynd 1. Samband milli fjölda veiddra smálaxa eitt árið og fjölda veiddra stórlaxa ári síðar. Tölfræðilega má skýra 72% af breytileika í veiði stórlaxa með breytileika í veiði smálaxa. Átveimur árum, árin 1978 og 1980 varð veiði stórlaxa mun meiri en búast hefði mátt við. Þetta getur hafa orsakast af að óvenju hátt hlutfall gönguseiðaárgangs hafi dvalið tvö ár í sjó, en skilyrði til veiða í Fnjóská gætu einnig hafa haft þar áhrif.
(Línurit byggt á Töflu 2)




Mynd 2. Yfirlitskort af Fniðská. Rafveiðistaðir 7. ágúst eru merktir með tölustöfum (1 - 12)

7.8. 1987
Lax

Frjóska

Földi




Lengd í cm

Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða sem veiddust á mismunandi stöðum í Frjóska 7. ágúst 1987.

7.8.1987
Bleikja

Fnjóská

Földi



lengd í cm

Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing bleikjuseiða sem veiddust á mismunandi stöðum í Fnjóská 7. ágúst 1987.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Fryðska

Fisktegund: Lax

Sendandi: Sigurður Ringsted

Fjöldi sýna: 30

Veidiár: 1983

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	03.07	♀	76	4.500	4	2	2. Lakjarrík
2	07.07	♀	76	4.000	3	2	Þjarghorn
3	10.07	♂	68.5	4.000	5	1	Malareypi
4	18.07	♂	60.	3.000	4	1	Lakjarrík
5	13.07	♀	64	3.000	4	1	Lakjarrík
6	21.07	♂	65	2.800	5	1	Þjarghorn
7	21.07	♂	72	4.000	5	1	Kollheinspollur
8	21.07	♂	65	2.800	5	1	Þjarghorn
9	21.07	♂	88	6.800	4	2	Kollheinspollur
10	22.07	♀	78	4.500	4	2	Malareypi
11	22.07	♀	79	4.500	5	2	Malareypi
12	22.07	♂	86	6.500	4	2	Malareypi
13	22.07	♀	62	3.000	5	1	Malareypi
14	24.07	♂	92	7.000	4	2	Kollheinspollur
15	27.07	♀	76	4.000	4	2	
16	29.07	♂	65	3.000	3	1	1. Svæði
17	30.07	♂	58	2.000	5	1	1 Svæði
18	30.07	♂	63	2.500	4	1	1 Svæði
19	30.07	♂	78	4.500	4	2	1 Svæði
20	31.07	♂	55	1.750	4	1	1 Svæði
21	06.08	♂	63	2.500	4	1	Hoisgerðisbreiða
22	12.08	♂	54	1.500	4	1	Leyparabreiða
23	18.08	♂	63	2.200	4	1	Artugsnæs
24	18.08	♀	73	3.750	5	2	Ferjupollur
25	22.08	♂	64	2.500	4	1	Váðnesbreiða
26	29.08	♂	61	2.000	3	1	Þöðvarnes
27	31.08	♀	75	4.500	5	2	Lillabreiða
28	09.09	♂	62	2.000	5	1	Griðsgarðshytur
29	15.09	♂	64	2.600	4	1	Þöðvarnes
30	18.09	♂	60				

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Fryðská

Fisktegund: lav

Sendandi: Sigurður Ríngsted

Fjöldi sýna: 35

Veidiár: 1986

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1			?	?	6	2	
2	19.06	♀	82	6.500	5	2	
3	19.06	♀	78	5.000	5	2	Malarúnn
4	04.07	♀	76	5.000	5	2	
5	04.07	♀	80	6.000	4	2	
6	04.07	♀	81	6.500	5	2	
7	04.07	♀	80	5.500	5	2	Barghorn
8	04.07	♀	68	3.250	5	2	Malarúnn
9	04.07	♀	83	6.000	4	2	Skúlaskeið
10	04.07	♀	80	5.500	4	2	Skúlaskeið
11	04.07	♂	94	8.000	4	2	Skúlaskeið
12	08.07		83	6.000	4	2	
13	08.07		93	9.500	5	2	
14	08.07	♀	80	10.000	4	2	Barghorn
15	08.07	♀	80	10.000	öngt	hreistur	Malarúnn
16	14.07	♂	93	8.500	5	2	
17	15.07	♀	80	5.000	3	2	
18	15.07	♂	93	7.000	3	2	
19	15.07	♀	78	4.500	4	2	
20	15.07	♂	89	14.500	4	2	
21	15.07	♀	82	6.500	4	2	Malarúnn
22	18.07	♀	84	6.500	5	2	
23	25.07	♀	78	4.500	5	2	Kóslardýp
24	29.07	♀	78	6.000	4	2	
25	29.07	♂	98	10.200	5	2	
26	29.07	♀	76	5.500	4	2	
27	29.07	♀	76	5.000	öngt	hengt	
28	02.08	♀	82	5.500	9.5	2+	Kolbúnspollur
29	03.08	♀	78	7.000	5	2	Kolbúnspollur
30	03.08	♂	92	7.500	5	2	Húsbúða (21)
31	13.08	♀	72	4.000	5	2	
32	05.09	♀	79	6.000	5	2	Kolbúnspollur
33	09.09	♀	77	10.500	4	2	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Fryðska

Fisktegund: Lax

Sendandi: Sigurður Þingsted

Fjöldi sýna: 32

Veidiár: 1984

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	19-06	♂	88	6.500	5	2	6 - Lakjarnik
2	19-06	♀	86	6.000	4	2	n - Lakjarnik
3	19-06	♂	87	5.500	3	2	6 - Lakjarnik
4	19-06	♀	80	4.500	5	2	6 - Lakjarnik
5	19-06	♀	79	5.500	5	2	n - Lakjarnik
6	20-06	♀	77	5.500	4	2	Merkjabreidd
7	20-06	♀	76	5.000	4	2	Bergargardisbreidd
8		♀	82	5.000	4	2	6 - Lakjarnik
9	23-06	♀	82	5.600	5	2	Skúlasteik
10	24-06	♂	76	4.000	3	2	Rauðhúfur
11	24-06	♀	74	4.000	olenlegt		Þjarghorn
12	25-06	♂	84	6.000	4	2	Mjögur á vestan
13	01-07	♂	88	6.700	3	2	Kalbainspottur
14	03-07	♂	93	7.500	4	2	Rauðhúfur
15	04-07	♀	76	6.000	3	2	Þjarghorn
16	04-07	♀	82	5.500	5	2	Skúlasteik
17	06-07	♀	79	5.500	5	2	Rauðhúfur
18	08-07	♀	87.5	4.200	4	2	Kalbainspottur
19	12-07	♂	84	5.500	4	2	Fiskli
20	04-08	♂	61	2.500	4	1	Holmatúfur
21	05-08	♀	78	4.900	olenlegt		Kristardýp
22	26-08	♀	76	5.000	3	2	Húsbreidd
23	26-08	♀	85	6.000	4	2	Arbúgarar
24	26-08	♂	61	3.000	5	1	Arbúgarar
25	04-09	♂	97	8.750	4	2	Kristardýp
26	04-09	♀	74	4.500	4	2	Kristardýp
27	05-09	♀	76	4.000	4	2	Kristardýp
28	10-09	♀	78	4.350	4	2	Kristardýp
29	10-09	♀	80	4.750	4	2	Kristardýp
30	14-09	♀	70	4.000	4	2	Bergaraleki
31	14-09	♂	84	5.500	5	2	Húsbreidd
32	14-09	♀	64	3.000	4	1	Böðvarnaskúf

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: FryðskáFisktegund: LaxSendandi: Sigurður RingstedFjöldi sýna: 43Veidiár: 1985

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1			65	2.500	5	1	
2	26.06	♀	75.5	4.500	4	2	Matareypi
3	02.07	♀	59	2.200	5	1	Bjarghorn
4	02.07	♀	78	4.500	5	2	Hellan
5	02.07	♀	78	4.500	4	2	Matareypi
6	04.07	♂	83	5.500	4	2	Bjarghorn
7	16.07	♂	57	2.500	3	1	Bjarghorn 3.
8	19.07	♂	60	2.700	5	1	Se - Lakjarnik
9	22.07	♂	60	2.250	4	1	Se - Lakjarnik
10	22.07	♂	60	2.250	5	1	Skúlasteidi
11	23.07	♀	80	5.000	5	2	Bjarghorn
12	23.07	♂	52	2.000	5	1	Matareypi
13	25.07	♀	58	2.700	öng HT	hneistur	Matareypi
14	26.07		3-4	1.800	4	1	Holbeinspollur
15	26.07	♂	59	2.000	4	1	Holbeinspollur
16	26.07	♂	60	2.500	4	1	Holbeinspollur
17	26.07	♂	55	1.700	5	1	Holbeinspollur
18	28.07	♂	60	2.500	4	1	Bjarghorn
19	28.07	♂	54	1.900	5	1	Skúlasteidi
20	30.07	♂	58	2.000	4	1	Skúlasteidi
21	01.08	♀	58	2.000	5	1	Matareypi
22	01.08	♀	63	2.500	4	1	Skúlasteidi
23	03.08	♀	71	4.500	5	2	
24	03.08	♂	52	2.500	5	1	Bjarghorn
25	04.08	♂	66	2.500	4	1	Holbeinspollur
26	04.08	♂	64	2.500	5	1	Holbeinspollur
27	04.08	♂	67	3.000	5	1	Holbeinspollur
28	05.08	♂	58	2.500	4	1	Ferjupollur
29	06.08	♂	66	2.500	5	1	
30	06.08	♂	70	4.000	5	1	Robugpollur
31	06.08	♂	66	3.000	4	1	Se - Lakjarnik
32	12.08	♂	53	1.500	5	1	No - 12
33	12.08	♂	68	3.500	4	1	Hristlandslup

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Veidiár: 1985

[illegible]

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall.

Sendandi

Fiske found:

Fiöldi sýna

Veidið: _____

[illegible]